

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd Alþingis
B.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Reykjavík, 22. mars, 2004

Umsögn um: Þingsályktunartillögu um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna, 139. mál og um frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, 138. mál.

Barnaheill senda eina umsögn vegna ofangreinda mála þar sem efni þeirra tengist mjög.

Barnaheill taka undir markmiðin með frumvarpinu en setja stórt spurningamerki við það hvort þetta frumvarp nái þeim eða geri ákvæðið skýrara eða glegggra. Í 2. mgr. 210. gr. annars vegar og 209. gr. hins vegar eru ákvæði sem taka yfir þá háttsemi sem frumvarpið vill gera refsiverða.

Barnaheill fagna umræðunni sem hefur átt sér stað við gerð frumvarpsins og þingsályktunartillögunnar en telja að heildarendurskoðun á kynferðisafbrotakaflanum að því er varðar brot gegn börnum sé orðin brýn.



Í frumvarpinu er talað um að senda börnum kynferðislegt eða klámfengið efni. Staðreyndin er hins vegar sú að í fæstum tilfellum er verið að senda efni heldur að auðvelda aðgang að ólöglegu og/eða skaðlegu efni. Til glöggvunar getum við tekið dæmi um ólöglegt efni sem er vistað (staðsett) hvar sem er í heiminum en barnið getur í gegnum vinsælar íslenskar vefsíður smellt á krækju sem hleypir þeim inn á þetta ólöglega efni.

Hvað varðar efni þingsályktunartillögunnar telja Barnaheill að það að gera netþjónustuaðila ábyrga sé mjög erfitt í framkvæmd. Tökum dæmi: Síminn er með hýsingarþjónustu. Það þýðir að Síminn rekur netþjóna. Síminn veitir viðskiptavinum sínum aðgang að netþjónum sínum gegn gjaldi. Einn viðskiptavinurinn hefur áhuga á barnaklámi og setur upp vefsíðu á netþjóni Símans með barnaklámi. Barnaheill fá ábendingu um þetta og lætur lögreglu í Reykjavík vita af því. Lögreglan hefur samband við Símann og fær þar að vita hver setti upp vefsíðuna. Lögreglan fær Símann til að fjarlægja efnið af netþjóninum sem Síminn gerir fúslega. En hver er ábyrgur? Síminn eða sá sem setti upp vefsíðuna?

Barnaheill hafa nú rekið ábendingalínu gegn barnaklámi síðan 31. október 2001 og öðlast við það mikla reynslu og skoðað málið frá mörgum hliðum. Verkefnið kallast "Stöðvum barnaklám á Netinu". Vegna þessa eru samtökin tilbúin, ef þess er óskað, til að skipuleggja t.d. hálf dags fræðslufund á milli aðila sem málið snertir eins og þingmanna, internetþjónustuaðila, lögreglu og annarra er málið snertir.

Virðingarfyllt,

Guðbjörg Björnsdóttir, formaður Barnaheilla

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2021
komudagur 19. 4. 2004



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi
Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2004
Tilvísun : 2004020049

Vísað er til bréfs dags. 18. febrúar þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, 138. mál. Beðist er velvirðingar á því að hafa ekki sent svar innan þess frests sem var gefinn.

Barnaverndarstofa tekur undir mikilvægi þess að leita allra leiða til að vernda börn fyrir klámefni. Barnaverndarstofa hefur talið að ákvæði 210. gr. nái til þeirra athafna sem frumvarpir lýsir og þekki enga dóma þar sem komist hefur verið annarri niðurstöðu. Telur Barnaverndarstofa jafnvel varhugavert að nefna sérstaklega háttsemi eins og gert er í frumvarpinu því þá megi hugsanlega draga þá ályktun að almennu ákvæðin sé þrengri en æskilegt ætti að teljast og jafnframt er hættan sú að hin sérstöku ákvæði nái ekki yfir alla háttsemi sem rétt væri að telja refsiverða. Ef ákvæðin teljast ekki nógu skýr telur Barnaverndarstofa heppilegra að breyta orðalagi 3. mgr. 210. gr. þannig að þar standi:

"Það varðar ennfremur sömu refsingu, að láta af hendi við unglunga, yngri en 18 ára, með hvaða hætti sem er, svo sem með atbeina tölvu- eða fjarskiptatækni, hvers konar kynferðislegt eða klámfengið efni, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 130/1374
komudagur 16.3.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2004

Umsögn laganeftdar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum. 130. löggjafarþing 2003–2004. Þskj 138 - 138. mál.

Laganeft Lögmannafélags Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ný málsgrein bætist við núgildandi 210. gr. almennra hegningarlaga, svokölluðu klámákvæði. Á umræddu lagaákvæði hafa á undanförunum árum verið gerðar nokkrar breytingar, einkum í tengslum við barnaklám.

Laganeft telur að 210. gr. eins og hún er nú, gæti verið skýrari. Hins vegar telur laganeft ekki að málsgrein sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir að bætist við laga-greinina, geri hana gleggri eða nái þeim tilgangi frumvarpsins að auka refsivernd barna.

Laganeft hefur áður í umsögnum sínum um ýmis frumvörp til breytingar á almennum hegningarlögum bent á að nauðsyn sé heildarendurskoðunar á lögum. Á það ekki síst við um kynferðisbrotakafla laganna.

Samkvæmt núgildandi 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum að “...dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum”. Þegar slíkt efni sýnir börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt getur refsing orðið fangelsi allt að 2 árum, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 39/2000. Það að senda barni kynferðislegt eða klámfengið efni með tölvu- eða fjarskiptatækni sýnist laganeft að félli undir ákvæðið eins og það er nú, og að nokkru undir ákvæði 209. gr. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir auknu refsihámarki í 210. gr. sé móttakandinn barn.

Sýnist laganeft frumvarpið samkvæmt þessu óþarft og mælir ekki með samþykkt þess. Jafnframt ítrekar laganeft fyrri ummæli sín um brýna nauðsyn heildarendurskoðunar á almennum hegningarlögum, ekki síst kynferðisbrotakafla þeirra.

Virðingarfyllst,

f.h. laganeftdar LMFÍ

Jóhannes R. Jóhannsson, hrl., formaður



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2004020127

211

10. mars 2004

Málefni: Barnklám á neti og í tölvupósti, 138. mál

Vísað er til bréfs allsherjanefndar Alþingis dags. 18. febrúar 2004 þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, 138. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að málsgrein verði bætt við 210. gr. almennra hegningarlaga þar sem sérstaklega er tekið fram að refsivert sé að senda börnum kynferðislegt eða klámfengið efni með atbeina tölvu- eða fjarskiptataekni. Samkvæmt nógildandi ákvæðum 210. gr. er refsivert að dreifa klámefni og láta það af hendi við unglunga undir 18 ára aldri. Svo virðist sem nógildandi ákvæði nái jafnt til allra sendinga á klámi til ungmenna óháð því hvaða aðferð er notuð, þ.m.t. þegar klám er sent á rafrænu formi. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu í dómi 5. febrúar 1998 í máli nr. 206/1997 að miðlun kláms í gegnum internetið teljist dreifing í skilningi 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga. Það virðist því óþarft að setja sérstakt ákvæði um þessa dreifingarleið.

Virðingarfyllst,

Sigurjón Ingvason
forstöðumaður lögfræðideildar

Alþingi
Erindi nr. P 130/134/
komudagur 15. 3. 2004

Refsiréttarnefnd

Reykjavík, 10. mars 2004.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 18. febrúar sl., þar sem óskað er eftir að refsiréttarnefnd veiti umsögn um fyrirbyggjandi frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (hgl.), 138. mál, barnaklám á neti og í tölvupósti.

Með frumvarpinu er lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 210. gr. hgl. sem kveði á um að hver sem sendi barni kynferðislegt eða klámfengið efni með atbeina hvers konar tölvu- eða fjarskiptatækni skuli sæta fangelsi allt að 6 mánuðum og allt að 2 árum þegar slíkt efni sýni börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með því sé ætlað að veita börnum aukna vernd gegn efni af kynferðislegum eða klámfengnum toga sem þau fá sent með atbeina tölvu- eða fjarskiptatækni. Á bls. 2 er vikið að tengslum frumvarpsins og ákvæða 2. og 3. mgr. 210. gr. hgl. Þar segir m.a. að með hliðsjón af tækniþróun undanfarin ár og „klám-væðingu samfélagsins“ telji flutningsmenn rétt að skerpa á þeirri vernd sem börnum er sérstaklega veitt með þessu ákvæði þannig að enginn vafi getið leikið á refsináemi þess að láta börnum í té klámfengið efni á annan hátt en í formi kvikmynda og tíma-rita.

Refsiréttarnefnd tekur í upphafi fram að þar sem ofangreindu frumvarpi er samkvæmt lýsingu í greinargerð fyrst og fremst ætlað að veita börnum aukna vernd gegn efni af kynferðislegum eða klámfengnum toga sem þau fá sent með atbeina tölvu- eða fjarskiptatækni er nauðsynlegt að fram komi í greinargerðinni fullnægjandi greining á því hvort og þá að hvaða leyti á skorti að slík háttsemi teljist ekki þegar refsináem að gildandi lögum. Nefndin tekur fram að rök kunna að standa til þess að skýra 3. mgr. 210. gr. hgl. á þá leið að hún taki til þeirrar háttsemi sem lýst er í ákvæði 1. gr. frumvarpsins þegar um er að ræða sendingu klámfengins efnis til barna með tölvu- eða fjarskiptatækni enda verður ekki séð að tilefni sé til að túlka hugtakið „að láta af hendi“ þrengra en leiðir beint af orðum þess. Þá verður að hafa í huga að 2. mgr. 210. gr. virðist hlutlaust hvað dreifingarmáta varðar, sbr. hins vegar 1. mgr. 210. gr. hgl. sem bundið er við klám á *prenti*. Nefndin telur auk þess rétt að benda á að ekki er útilokað að sú háttsemi sem lýst er í 1. gr. frumvarpsins falli, a.m.k. að hluta til, undir

önnur ákvæði refsilaga, sbr. t.d. 209. gr. hgl. og/eða 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ef fallist er á að nauðsynlegt sé að taka af öll tvímæli um refsineami þess að nota „hvers konar tölvu- eða fjarskiptatækni“ til að láta barni í té klámfengið efni bendir refsiréttarnefnd á þann möguleika að gera breytingar á 3. mgr. 210. gr. hgl. þannig að þar komi fram að það „að láta af hendi ... klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti“ geti t.d. átt sér stað með *atbeina tölvu- eða fjarskiptatækni*. Í því sambandi er vakin athygli á því að hugtakið barn sem notað er í ákvæðum frumvarpsins tekur til þeirra sem eru yngri en 18 ára, sbr. 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997. Þarf því að þessu leyti ekki að gera breytingar á gildandi ákvæði 3. mgr. 210. gr. hgl. enda þótt þar sé notast við hugtakið „unglingar“ nema þá til að gæta samræmis við hugtakanotkun annarra laga er varða börn.

Hvort sem farin yrði sú leið að gera framangreindar breytingar á 3. mgr. 210. gr. hgl. eða að lögfesta nýja málsgrein um það efni sem 1. gr. frumvarpsins mælir fyrir um telur nefndin að gera þurfi eftirfarandi þrjár efnisbreytingar á verknaðarlýsingu þeirri sem fram kemur í frumvarpinu:

Í fyrsta lagi telur refsiréttarnefnd að verknaðarlýsing eigi ekki að taka til *kynferðislegs* efnis. Refsiréttarnefnd bendir á að 210. gr. hgl. er alfarið bundin við vörslur eða dreifingu efnis sem telst *klám* í lagalegri merkingu en ekki annars efnis sem talist getur kynferðislegt. Tilvísanir síðari másl. 2. mgr. 210. gr. hgl. og 4. mgr. 210. gr. hgl., sbr. 7. gr. laga nr. 39/2000, til *kynferðislegs* efnis er takmörkuð við að slíkt efni sýni *börn* á þann máta. Ákvæði fyrri másl. 1. mgr. frumvarpsins lýtur á hinn bóginn að sendingu *alls* kynferðislegs efnis hvort sem þar er um börn að ræða eða ekki. Er það viðhorf nefndarinnar að notkun orðalagsins „kynferðislegt efni“ með þessum hætti án nánari skýrgreiningar sé vandkvæðum bundið að virtri kröfu 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar um skýrleika refsheimilda.

Nefndin telur í þessu sambandi rétt að benda á að í greinargerð frumvarpsins virðist gengið út frá því að orðalagið kynferðislegt eða klámfengið efni í texta ákvæðisins geti tekið t.d. til „smáskilaboða sem send eru í farsíma“ og efnis sem sett er fram í tölvuskeytum eða á spjallrásum. Ef ætlun flutningsmanna er að gera það refsivert að senda barni klámfengin *texta* telur refsiréttarnefnd að orða þurfi þessa fyrirætlun með skýrari hætti í lagatextanum. Refsiréttarnefnd telur í sjálfu sér ekki ástæðu til að fjalla um þetta atriði út frá refsipólítískum forsendum. Rétt er þó að benda á að notkun klámfengins texta, þ.á m. með tölvu- eða fjarskiptatækni, kann í ákveðnum tilvikum að falla undir gildandi ákvæði 209. gr. hgl. og/eða 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.


Í öðru lagi telur refsiréttarnefnd óþarfi að fram komi í texta ákvæðisins að *hvers konar* tölvu- eða fjarskiptatækni eigi við. Jafnan er varhugavert að orða refsíákvæði með slíkum víðtækum hætti auk þess sem ljóst er að hér getur aðeins eðli máls samkvæmt verið um að ræða þá tegund tölvu- eða fjarskiptatækni sem gerir mönnum kleift að senda klámfengið efni til annars aðila.

Í þriðja lagi telur nefndin að afmörkun heimilaðra refsitægunda og refsihámark í fyrri másl. ákvæðisins eigi að vera sú sama og lögð er til grundvallar í 1.-3. mgr. 210. gr. hgl. Nefndin bendir á að í greinargerð er ónákvæm tilvísun að þessu leyti til 2. mgr.

210. gr. hgl. þar sem segir að refsing fyrir háttsemi samkvæmt því ákvæði sé „fangelsi allt að 6 mánuðum“ en ekki getið að heimilt er einnig að beita *sektum* í þessum tilvikum. Ekki er í frumvarpinu sýnt fram á að ástæða sé til að útiloka möguleikann á beitingu sekta þegar gerandi velur að senda barni klámfengið efni með atbeina tölvu- eða fjarskiptatækni, sbr. t.d. refsitægingdir og refsihámark gildandi ákvæðis 3. mgr. 210. gr. hgl.

Refsiréttarnefnd telur rétt að lokum að vekja athygli á því að nýlega fól dómsmálaráðherra nefndinni að kanna hvort og þá hvaða lagabreytinga væri þörf til að unnt væri að fullgilda samning Evrópuráðsins um afbrot á netinu (Cybercrime Convention) frá 23. október 2001. Í 9. gr. samningsins er fjallað um barnaklámsbrot með aðstoð tölvu. Ljóst er að nefndin mun skoða hvort nauðsynlegt verði að gera breytingar á 210. gr. alm. hgl. af því tilefni. Í ljósi þessa telur nefndin heppilegra að við þá skoðun verði tekin afstaða til þess hvort sérstaklega beri að kveða á um þann miðil sem notaður er til dreifingar á klámefni.

f.h. refsiréttarnefndar,



Róbert R. Spanó, formaður

SJF/jhb
B 247 og 248/04

Reykjavík, 10. mars 2004

Umsögn ríkissaksóknarar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (138. mál.)

Með hliðsjón af dómaframkvæmd er það mat ríkissaksóknara að núgildandi ákvæði 210. gr. almennra hegningarlaga nái yfir sendingu á hvers konar kynferðislegu og klámfengnu myndefni án tillits til miðilsins sem notaður er til að koma efni á áleiðis. Með sömu rökum verður vart talið að tilgreina þurfi sérstaklega þá háttsemi að senda börnum efni sem sýnir börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Einnig er á það bent að nú fer í hönd vinna hér á landi vegna væntanlegrar fullgildingar Evrópusamningsins um netglæpi (Convention on Cybercrime) og rétt gæti verið að bíða með lagabreytingar á þessu sviði þar til sú vinna hefur átt sér stað. Í 9. gr. samningsins er t.a.m. fjallað um skyldur samningsaðila til að setja refsíákvæði varðandi barnklám sem fer um tölvukerfi.

Telja verður að núgildandi 210. hgl. taki ekki til þeirrar háttsemi að senda barni kynferðislegan eða klámfenginn texta sem sendur er t.d. á spjallrásum internetsins. Að mati ríkissaksóknara eru hins vegar til staðar refsíákvæði sem beita má um ofangreinda háttsemi og þá líka í þeim tilvikum þegar klámfenginn og kynferðislegur texti er sendur barni í sendibréfi eða með öðrum hætti sem ekki er tilgreindur í frumvarpinu. Þau ákvæði sem hér gætu átt við eru 209. gr. hgl. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.

Vakin er athygli á því að brot á 2. mgr. 210. gr. hgl. varðar sektum eða fangelsi sbr. 1. mgr. 210. gr., en í greinargerð með frumvarpinu er því ranglega lýst að brotin varði einungis fangelsi.

Umsögn ríkissaksóknara um tillögu til þingsályktunar um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna (139. mál.)

Ríkissaksóknari telur eðlilegt að skoða hvort efni eru til að breyta íslenskum lagareglum um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna og að þá verði einkum litið til reglna á hinum Norðurlöndunum, en mikil fræðileg umræða hefur átt sér stað þar um brot sem tengjast tölvutækni (datakriminalitet). Í greinargerð með þingsályktuninni er vitnað til sænsks réttar og bent á að þar hafi verið sett sérstök lög, nr. 112 frá 1998, um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna. Þessi leið hefur ekki verið farin í Danmörku

t.a.m. og er þörf á að skoða allar forsendur fyrir sænsku lögunum vel áður en slíkt yrði tekið upp hér. Vakin er athygli á að refsiramminn fyrir brot á sænsku lögunum er 6 mánaða fangelsi og 2 ár ef brot er gróft, ekki 6 ár eins og segir í greinargerðinni.



saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1312
komudagur 11. 3. 2004

Nefndarsvið Skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. mars 2004

EFNI: Umsögn um 138. og 139. mál, barnaklám á neti og í tölvupósti.

Landssími Íslands hf. (Síminn) visar til bréfs þar sem óskað er eftir umsögn Símans um frumvarp til almennra hegningarlaga, 138. mál, barnaklám á neti og í tölvupósti. Samhliða þessu frumvarpi leggja flutningsmenn til í öðru þingmáli (þingsályktunartillaga) að ábyrgð þeirra sem reka netþjóna verði aukin, sbr. 139. mál.

Síminn gerir ekki athugasemdir að svo stöddu við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum.

Varðandi þingsályktunartillöguna sem lögð verður samhliða frumvarpinu vill Síminn benda á eftirfarandi. Í tillögunni er gerð sú tillaga að ábyrgð þjónustuveitna, sem hýsa gögn sem látin eru í té af þjónustuþega, beri skilyrðislausu ábyrgð á að gera allt barnaklám sem kann að vera hýst á netþjóni hans óaðgengilegt eða fjarlægja það. Til stuðnings tillögu sinni hafa flutningsmenn hennar bent á lög í Svíþjóð um þetta efni. Hins vegar eru áhöld um það hvort að sænsku löggin gangi í bága við tilskipun Evrópusambandsins um rafræn viðskipti, nr. 31/2000. Það er mat Símans að á meðan réttaróvissa er fyrir hendi um hversu langt skuli ganga við að rýmka ábyrgð þjónustuveitna vegna hýsingu efnis skuli núgildandi ákvæði 14. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, gilda enda löggin í samræmi við fyrrgreinda tilskipun Evrópusambandsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssíma Íslands hf.
Arnar Þór Sævarsson, hdl.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1267
komudagur 9.3.2004



ÍÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Arnarholi 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
netfang: postur@ivr.stjr.is
veffang: <http://www.raduneyti.is/ivr>


Reykjavík, 8. mars 2004
Tilvísun : IVR04020093/10.201/jsl

Viðskiptaráðuneytinu hefur borist til umsagnar frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum, 138. mál, barnaklám á neti og í tölvupósti.

Almenn hegningarlög falla undir dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Ekki verður séð að umrædd tillaga að breytingu hafi áhrif á ábyrgð milligönguaðila á Netinu, sbr. 12.-14. gr. laga um rafræn viðskipti, nr. 30/2002.

Viðskiptaráðuneytið hefur því ekki athugasemdir við umrætt frumvarp.

F.h.r.


Kristján Skarphéðinsson / Jónína S. Lárusdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 130/1315
komudagur 11. 3. 2004

Lögmenn.is ehf.

Ágúst Sindri Karlsson, hdl.

Reykjavík, 10. mars 2004.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Bréfsími 563 0430

138. mál

Efni: Greinargerð vegna breytinga á almennum hegningalögum nr. 19/1940 með áorðnum breytingum og tillaga til þingsályktunar um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna.

Við er til bréfs nefndasviðs Alþingis dags. 18. febrúar 2004 varðandi ofangreint mál. Undirritaður lögmaður annast umsögn málsins fyrir hönd Og Vodafone.


Og Vodafone sem fjarskiptafyrirtæki hefur ekki skoðun á ákvæðum hegningarlaga aðra en þá að eðlilegt þykir að hegningarlög á Íslandi séu samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum.

Varðandi þingsályktunartillöguna þá er það skoðun Og Vodafone að lög um rafræn viðskipti séu skynsamleg og erfitt er að sjá ástæðu til breytinga á þeim lögum. Félagið rekur samskiptanet, sem skilgreina má sem flutningsleið rafrænna boða. Fjarskiptafyrirtæki getur ekki tekið á sig ábyrgð á umferð sem fer um fjarskiptanetið, jafnvel þótt um ólögmdæta umferð sé að ræða. Það mætti með sama hætti gera Vegagerðina ábyrga fyrir tjóni sem verður vegna aksturs afbrotamanna um vegi landsins og segja sem svo að afbrotin séu á ábyrgð þeirra sem leggja og reka vegakerfið. Viðurlög væru þá að innkeyrslu viðkomandi afbrotamanns væri lokað.

Og Vodafone getur ekki tekið að sér hlutverk netlögreglu auk þess sem erfitt er að sjá að félagið hafi heimild til að vera rannsóknaraðili og dómari í málum, sem geta hugsanlega falið í sér afbrot. Ef Alþingi vill tryggja öryggi barna og ungmenna gagnvart klámi á netinu, sem er í sjálfu sér mjög þarft verk, er rétta leiðin að auka fjárveitingu til lögreglunnar til að sinna þessu sérstaka rannsóknarhlutverki.

Virðingarfyllst

F.h. Og Vodafone



Ágúst Sindri Karlsson, hdl.